

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

ATHUGANIR VARDANDI NEYZLUVATN

FYRIR DJÚPAVOG

Eftir

Jón Jónsson

Sept. 1971

September 1971

---

Athuganir varðandi neyzluvatn  
fyrir Djúpavog.

Eftir Jón Jónsson

Inngangur

A Djúpavogi mun nú vera um 300 manns. Þorpið er út við sjó, berggrunnur er þar viða alveg á yfirborði og laus jarðög yfirleitt þunn. Möguleikar til neyzluvatnsöflunar í næsta nágrenni þorpsins eru því mjög takmarkaðir. Af þeim sökum hefur vatnsveita verið lögð ofan úr Búlandsdal og mun hún vera um 9 km löng. Er inntakið í um 170 m hæð yfir sjó.

Upprunalega var vatnið tekið úr skriðu en yfir inntakið féll skriða og spillti því. Var hluti vatnsins eftir það tekinn úr Búlandsá. Það vatn reyndist þó eins og annað yfirborðsvatn óhæft til neyzlu og verður því að leita annara ráða.

Athuganir í Búlandsdal.

Búlandsdalur er all viðáttumikill dalur sem skerst vestur í fjöllin milli Hólsfjalls að sunnan og Búlandstindar að norðan. Framan til í dalnum rennur áin í gljúfri en innar er dalurinn mjög skriðurunninn. Aðrennslissvæði er þar stórt og skriður all þykkar. Fjöldi smá lækja er í dalnum og vatn kemur viða undan skriðum meðfram ánni.

Það virðist því liggja ljóst fyrir að þarna sé mögulegt að ná góðu neyzluvatni undan skriðunum og spursmálið því nánast að finna heppilegan stað eða staði og ganga nágu vel frá inntaki.

Bent var á nokkra staði, sem þóttu líklegir til árangurs og þeir merktir.

Áriðandi er að grafa niður á fast berg fyrir hverju inntaki eða niður á þétt lög. Það er mögulegt að þétt botnurð frá jöklí kunni að vera næst berGINU sums staðar og hana er ekki hægt að grafa enda geymir hún væntanlega ekki vatn svo teljandi sé. Það er ekki ólíklegt að grafa verði á nokkrum stöðum og safna vatninu þannig saman. Þarf þá aðeins að gæta þess að yfirborðsvatn komist ekki inn á kerfið, hvorki við inntak eða annars staðar.

#### Aðrir möguleikar.

Sunnan undir Búlandstindi en norðan Búlandsár eru malarhjallar í mismunandi hæð yfir sjó. Sá þeirra sem hæstur er sýnir því sem næst hæstu sjávarmörk á þessum stað eftir að ísöld lauk og mun vera mjög nálægt því 40 m yfir núverandi sjávarmáli. Undan þessum hjalla við árgljúfrið koma all vatnsmiklar lindir og er ekki að efast um að það er fyrsta flokks neyzluvatn.

Sennilega er vatnið í þessum lindum það mikið að nægja mundi fyrir Djúpavog eins og er, en til frambúðar er það tæplega ef séð er lengra fram í tímann. Auk þess næst það ekki nema með dælingu og raflína er ennþá ekki nálægt staðnum.

Lindir þessar hafa því litla þýðingu í þessu sambandi, en gætu hinsvegar fengið þýðingu t.d. í sambandi við hugsanlegt sumarbústaðahverfi. Það gæti því verið ástæða til að vernda þær fyrst um sinn sé þess kostur, því staðurinn hefur uppá að bjóða náttúru sem í fugurð og mikilleik á sér fáa líka.